

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matís ohf. Árleyni 2a



Dags eftirlits	24.4.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Matís ohf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Vínlandsleið 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670906-0190	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Georges Lamborelle	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sven-Ole Meiske	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu, annars vegar var ársyfirliti ekki skilað vegna ársins 2021 og hins vegar er ekki til neyðaráætlun um meðferð og förgun eldisfisks. Ein ábending var gerð, rekstraraðila er bent á að halda betur utan um þjálfun starfsfólks.

Engin frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Matís, Árleyni.

Samkvæmt starfsleyfi Matís, Árleyni sem gildir fyrir eldi fiska og annarra lagardýra í rannsóknarskyni, skal umfang þess vera að hámarki tvö tonn af lífmassa á hverjum tíma og skal hámarksframleiðslumagn vera tvö tonn á ári. Ársframleiðsla undanfarin ár hefur verið frá um 200 kg til um 1.100 kg.

Öll ker í stöðinni eru innandyra. Engin olía er í stöðinni. Frárennsli er hreinsað með tromlusíum áður en það fer í fráveitukerfi Reykjavíkurborgar.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á losun næringarefna)
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
7. Kynning á breytu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
8. Önnur mál
9. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Talsverð uppbygging hefur átt sér stað í stöðinni undanfarin ár, m.a. hefur nýjum kerjum og tromlusíum verið bætt við.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á losun næringarefna)

Gögnum vegna ársins 2021 var ekki skilað á réttum tíma. Í kjölfar eftirlitsins var gögnum vegna 2021 og 2022 skilað. Losun á fosför var innan marka bæði árin. Starfsleyfishafa er bent á að tryggja að allar áskildar upplýsingar, s.s. um hreinsun á mengunarvarnabúnaði, komi fram í ársyfirliti.

Neyðaráætlun um meðferð og förgun eldisfisks er ekki til staðar en rekstraraðili fékk í tölvupósti leiðbeiningar um gerð hennar.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Nokkrar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var nýleg heimild Umhverfisstofnunar til álagninga stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er talin vera nein mengun í jarðvegi á starfsvæði Matís, Árleyni.

6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

9. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði rekstraraðila. Engar athugasemdir eru gerðar þar um.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 4.3 í starfsleyfi

Ársyfirliti fyrir árið 2021 var ekki skilað á tilskildum tíma.

gr. 2.4 í starfsleyfi

Ekki er til neyðaráætlun um meðferð og förgun eldisfisks ef til óvæntrar rekstrarstöðvunar kemur.


ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að halda skipulega utan um þálfun og reynslu starfsfólks.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.06.2023


Freyr Ævarsson

bls. 4

